

Ed.

194. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og flutning þeirra, ef sýslunefndir í meiri hluta hrossahjæðanna æskja þess. Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.